




## 0 ALMENNT

- 0.1** Blað þetta fjallar um þerrilagnir við hús. Aðferðir við þurrkun ber að velja eftir tegund jarðvegs og með hliðsjón af grunnvatnsstöðu. Sjá mynd 0.1.



## Mynd 0.1

### Þerrilagnir við hús.

- 0.2 Hafa ber hliðsjón af byggingareglugerð, reglugerð um holræsi, IST 65 og IST 68.

0.3 Byggingargrunnur, sem virðist þurr að sumarlagi, getur í haustrigningum og vorleysingum haft háa grunnvatnsstöðu.


0.4 Hlutverk þerrilagnar utan við sökkul (undirstöður) er að tryggja þurran kjallara og grunn. Nauðsynlegt er að lækka grunnvatns-hæðina svo að hún verði talsvert lægri en kjallaragólf, og auk þess að leiða yfirborðsvatn frá grunn-inum.

0.5 Ef lóð er ekki sjálfberrandi, þarf að setja þerrilögnum umhverfis hús. Sleppa má þerrilögnum ef neðsta gólf er 300 mm eða hærra yfir jarðvegsyfirborði og landi hallar frá húsinu.

0.6 Óæskilegt er að leiða vatn frá þakniðurföllum í þerrilögnum ef jarðvegur umhverfis hús er yfir neðstu plötum.

0.7 Yfirborð lóðar þarf að vera þannig að vatn renni ekki að húsum. Helst þarf jarðvegi að halla með a.m.k. 50% (1:20) og aldrei með

minni halla en 20% (1:50). Þar sem þannig háttar til að lóð hallar að húsi skal sjá til þess að langs meðfram húsinu sé a.m.k. 20% (1:50) halli til þess staðar þar sem vatn getur runnið frá lóðinni. Sjá mynd 07.



Mvnd 0.7

## 1 EFNISLÝSING

## 1.1 Rör í þerrillagnir, ræslrör

Algengast er að nota götuð plaströr í þerrilagnir við hús, þó enn séu notuð steinrör þar sem álag frá umferð er. Plaströrin eru sett saman með múffu með þéttihring en steinrörin með múffu án þéttihrings, nema ef þau eiga einnig að flytja regnvatn, þá eru þau hálfþökkuð með hampi.

Hægt er að nota plaströr þó umferðarpungi sé mikill, ef gerðar eru viðeigandi ráðstafanir til að verja rörin, t.d. með þjöppun jarðvegs umhverfis rörin og yfir þeim. Athuga skal að ekki má vélþjappa jarðveg ofan við rör næst þeim.

## 1.2 Brunnrör, sjá reglugerð um holræsi.


### 1.3 Efni til síunar á jarðvatni

Til síunar á jarðvatni ber að nota þerrimöl, stærð 8-25 mm, umhverfis plaströr, en 25-50 mm umhverfis steinrör. Gott er að setja jarðvegsdúk yfir mólina til varnar því að mold eða fínn sandur berist í lögnina.

2 VERKLÝSING


## 2.1 Útgröftur fyrir

vera dýpri en botn undirstaða, sjá mynd 2.1a.



**Mynd 2.1a**  
Staðsetning ræsirörs

Ef nauðsynlegt er að leggja leiðslur dýpra en undirstöður (t.d. til að fá fullhægjandi halla á rörum) verður að leggja leiðsluna það langt frá undirstöðunum, að áseta þeirra sé örugg. Hlutfall milli dýptar og fjarlægðar skal ekki vera hærra en 1:2, sjá mynd 2.1b.



**Mynd 2.1b**  
Ræsirör neðan við sökkulbotn. Ef botn lagnanna er dýpri en undirstöður skal útgröfturinn liggja fjær undirstöðunum. Hallinn fer eftir styrkleika jarðvegs.


Pegar jarðvegur undir leiðslum er glijúpur, ber að leggja lag af þéttri grús eða sandi undir leiðslurnar.

Ef botn útgrafta er fastur má leggja leiðslur beint á botninn, en fylling undir leiðslum auðveldar lagninguna.

## 2.2 Jarðvatnslagnir

**2.2.1** Leiðslur skulu liggja minnst 200 mm undir efri brún á kjallaraplótu miðað við hæsta vatnsinnrennslu í röri, sjá mynd 2.1a.

Venjulega er aðeins hálf ummál ræsiröra gatað. Ef hað frá yfirborði neðstu plótu að botni útgrafrar er knöpp er hægt að snúa endarörinu um 90° til að lækka innrennslisopin.



**Mynd 2.2.1**


Jarðvatnslogn skal hafa jafnan halla að frárennsli. Frá hæsta punkti HP, skal vera jafn langt að frárennsli í báðar áttir.

Leiðslurnar skulu hafa jafnan halla að frárennsli. Halli röranna skal vera minnst 3%. Hæsti punktur leiðslunnar, Hp, skal að öllu jöfnu vera jafn langt frá frárennsli í báðar áttir. Sá mynd 2.2.3a.

**2.2.2** Leiðslur skulu eigi vera grennri en 100 mm Ø. Yfirleitt er þetta nægilegt, jafnvel við stærri byggingar. Í sérstökum tilfellum, þar sem gera má ráð fyrir óvenjumiklu jarðvatn vegna úrkomu á staðnum og eiginleikum jarðvegs, getur verið nauðsynlegt að hafa gildari leiðslur eða tvöfalt kerfi. Sé niðurfall fyrir regnvatn tengt jarðvatnslogn úr steini ber að hálfpakka lögnina, þ.e. að hampslá hálf rörið að neðan og steypa um. Þessa aðferð má eingöngu nota sé um lítið regnvatnsmagn að ræða, annars ber að nota tvöfalt kerfi.

**2.2.3** Leiðslurnar skulu liggja frostfrítt og helst utan grunnmúrs, eins og sýnt er á myndunum 2.1a, 2.1b og 2.2.1.


Lágmarksdýpt lagna sem einnig flytja regnvatn er 80 cm undir jarðvegsborði. Þar sem aðstæður eru þannig, að ekki er unnt að koma leiðslum fyrir utanhúss, má koma þeim fyrir innan undirstaða, eins og sýnt er á mynd 2.2.3.



**Mynd 2.2.3**


Þar sem jarðvatnslogn getur ekki legið utanhúss í frostlausri dýpt má leggja rörin innan sökkla.

- 2.2.4** Ef kjallarapla er steypt í mismunandi hæðum og hæðarmunur er meiri en 200 mm ber að leggja jarðvatnslögn við hæðarskilin, þar sem platan er hærri, sjá mynd 2.2.4a og 2.2.4b. Dýpi leiðslunnar miðast við lægri plötuna.



Mynd 2.2.4a


Þegar kjallaragólf er í mismunandi hæðum og hæðarmismunur er 200 mm eða meira þarf að leggja þverleiðslur. Hlutfallið d:a skal ekki vera stærra en 3:10.



Mynd 2.2.4b

Jarðvatnslögn skal liggja þeim megin sem kjallara-gólfíð er hærra og minnst 200 mm lægra en neðra gólfíð.

- 2.2.5** Við breið hús getur verið nauðsynlegt að leggja jarðvatnslögn að auki eftir endilöngu húsinu við miðju, sjá mynd 2.2.5.



Mynd 2.2.5

Við breiðar byggingsar getur verið nauðsynlegt að hafa viðbótarlögum um miðja byggingsuna. Fjarlægð milli leiðslna skal að jafnaði ekki vera meiri en 15 m.


Mesta jarlæggð á milli lagna skal að jafnaði ekki vera meiri en 15 m. Vatnsuppsprettur í grunni og gamlar lagnir skulu tengjast með þéttum leiðslum til frárennslis.

## 2.3 Síun

- 2.3.1** Fyllit skal að jarðvatnslögnum með efnum, sem veita vatni auðveldan aðgang að lögnum. Ef hætta er á að fylliefnin og lögnin þéttist vegna síngerðs jarðvegs verða fylliefnin að hafa síunareiginleika. Grófur sandur og grús hafa góða síunareiginleika án þess að hindra vatnsrennslu.

- 2.3.2** Venjulega eru húsveggir sem liggja að jörð (kjallaraveggir) hvorki nægjanlega þéttir eða sterkir til að bola áraun vatns. Þess vegna er nauðsynlegt að við vegginn sé þerrilag sem leiðir vatn niður að þerrilogninni og hindrar að vatnsuppistaða verði við vegginn.

Auðveldast er að fylla að veggnum með möl sem hleypir vatni auðveldлага niður að þerrilogninni og rýfur hárpípkrafta. Það getur verið kostnaðarsamt að fylla að húsi með aðkeyrði möl og er þá hægt að minnka magn hennar með því að setja hana næst veggnum og fylla að með jarðvegsefnum sem fyrir eru. Sjá mynd 2.3.2a.




Mynd 2.3.2a

Í byggingargrunnum með moldarjarðvegi skal fyllt að jarðvatnslögn með fylliefnum, sem hafa síunar-hæfileika.

Perrimölin þarf þá að vera a.m.k. 200 mm þykk og er æskilegt að ekki sé settur fíngerður eða moldarblandaður jarðvegur ofan á mölina nema að þá sé komið fyrir jarðvegsdúk á milli hans og malarinnar og að einnig sé komið fyrir sökkulplötu, t.d. plastplötu með tökkum við efsta hluta veggjar.


Einnig er hægt að nota þetta vatnsfráhrindandi steinull (grunnplötu) á sökkulplötu milli jarðvegs og veggjar. Sjá mynd 2.3.2 b. Athuga skal að ef einangrunin er fullnaðarhitaeinangrun veggjarins þarf hún að ná a.m.k. upp að skilum plötu og veggjar.


**Mynd 2.3.2b**

Í stað malar má nota steinullarplötu, grunnplötu og sökkuldúk á vegginn.

#### 2.4 Kjallaragólf

Kjallaragólf skal steypa á undirlag, sem rýfur hárpípkrafta og er í sambandi við jarðvatnslögn, sjá mynd 2.1a og 2.1b. Útgróftur grunns skal vera minnst 30 cm lægri en efri brún plötu. Fyllingaefni undir plötu skal vera þannig, að jarðvatn nái auðveldlega að lögn. Þjappa skal undirlag vandlega svo að gólfplata sígi ekki.


**Mynd 2.4**

Fylliefni, sem rýfur hárpípkrafta fyllingarinnar, má ná fram til jarðvatnsagna.

#### 2.5 Frárennsli

Frárennsli skal tengjast brunni í samræmi við reglugerð um holræsi á hverjum stað og tíma.

### 3 HEIMILDIR

Blað þetta er samið af Einari Þorsteinssyni hjá Rannsóknastofnun byggingaríðanaðarins, með hliðsjón af Byggedetaljblad A 514.221 frá NBI, og kemur í stað eldra blaðs nr. Rb (12).401.

Ritvinnsla og umbrot:  
Hólmsfríður Jóhannesdóttir

### EFTIRPRENTUN ÓHEIMIL